



## **DRITVÍKURVEGUR OG DJÚPALÓNSSANDUR FYRIRHUGUÐ VINNA VIÐ DEILISKIPULAG**

### **SKIPULAGSLÝSING**

**27. SEPTEMBER 2022**

#### **LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI**

**SAMKVÆMT 40. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010**

#### **MATSLÝSING**

**SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT FRAMKVÆMDA  
OG ÁÆTLANA NR. 111/2021**

**UNNIÐ FYRIR  
UMHVERFISSTOFNUN**



## Efnisyfirlit

1	Inngangur .....	2
2	Aðdragandi, forsendur og núverandi aðstæður .....	2
3	Skipulagsleg staða .....	6
4	Umhverfisáhrif .....	7
5	Kynning og samráð.....	7
6	Skipulagsferli .....	8

## 1 Inngangur

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð deiliskipulags fyrir Umhverfisstofnun sem nær yfir Dritvíkurveg og Djúpalónssand í Þjóðgarði Snæfellsjökuls. Skipulagssvæðið er rúmir 9 ha.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal við upphaf vinnu við gerð skipulagsáætlunar taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem m.a. er skýrt hvernig staðið verði að skipulagsgerðinni.

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en það felur við fyrstu sýn þó ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Hins vegar fellur Hólahraun undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því brýnt að vandað sé til verka og hrauni ekki raskað að óþörfu.

Gerð verður breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 samhliða gerð deiliskipulags.

## 2 Aðdragandi, forsendur og núverandi aðstæður

Djúpalónssandur er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna á Snæfellsnesi. Við Djúpalónssand voru á sínum tíma gerð bílastæði, þjónustuhús með snyrtingum og sett upp upplýsingaskilti á vegum Vegagerðarinnar. Einnig hefur verið gerður útsýnisstígur upp á hæð við bílastæðin og stígur niður í fjöruna. Mikil þörf er á að bæta aðstæður við Djúpalónssand en ekki er svigrúm til að stækka núverandi bílastæði á svæðinu vegna þröngra aðstæðna m.t.t. eignarhalds og landslags. Einnig hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gert alvarlegar athugasemdir um stærð rotþróar við snyrtingar skv. gildandi aðalskipulagi.

Í deiliskipulaginu verður hugað að nýjum áningarstað við gatnamót Dritvíkurvegur og Útnesvegur til að minnka álagið á svæðinu við Djúpalónssand. Á nýja áningarstaðnum verða bíla- og rútustæði auk snyrtinga. Áform eru um að með tíð og tíma verði komið á skutluþjónustu milli efra og neðra bílastæðis, þannig að ekki þurfi að aka stærri rútum að neðra bílastæðinu. Núverandi snyrting verður fjarlægð við Djúpalónssand en bílastæðin verða lagfærð og útbúin sleppistæði fyrir rútur. Auk þessa er gert ráð fyrir að Dritvíkurvegur verði bættur með útskotum og lagður verður um 1,8 km göngustígur frá nýja áningarstaðnum að Djúpalónssandi.

Þegar hefur verið borað eftir neysluvatni austan við Útnesveg sem nýtist fyrir þjónustuhúsið.

### 2.1 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Deiliskipulagið er innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sem er um 183 km<sup>2</sup> að stærð. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður 28. júní árið 2001 í þeim tilgangi að vernda bæði sérstæða náttúru svæðisins og merkilegar sögulegar minjar. Jafnframt er markmiðið að auðvelda fólki að ferðast um svæðið og kynnast því.

Í auglýsingu um friðlýsingu Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls kemur meðal annars fram:

*2. gr. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda til framtíðar stórt og lítt snortið svæði sem hefur að geyma sérstætt landslag, lífríki og jarðminjar, þannig að náttúra svæðisins fái eftir*

föngum að þróast eftir eigin lögmálum. Friðlýsingin miðar jafnframt að því að vernda heildstæð náttúruleg tegunda- og vistkerfi, gróðurfar, jarðmyndanir, landslag og menningarminjar sem einkenna svæðið. Þá miðar friðlýsingin að því að tryggja almenningi aðgang að svæðinu til útivistar og til þess að kynnast náttúru og sögu þess. Með friðlýsingunni er einnig stuðlað að því að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í nýtingu, stjórnun, framtíðarskipulagningu og rekstri innan þjóðgarðsins.

14. gr. Landnotkun og mannvirkjagerð. Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, innan þjóðgarðsins eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og leyfi sveitarfélagsins Snæfellsbæjar sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki. Landnotkun skal vera sjálfbær og miða skal að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar, að þær stuðli að verndun þjóðgarðsins og öryggi gesta. Mannvirki skulu falla vel að landslagi. Heimilt er að halda við mannvirkjum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

#### 2.1.1 Verndar og stjórnunaráætlun

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2007-2017 kom fram að

*Djúpalónssandur er fjölsóttasti staðurinn í þjóðgarðinum. Fjaran sjálf hefur há þolmörk en aðkoman að sandinum þyrfti að vera mun betri ... Nokkuð er um að fólk taki með sér steina, svokallaðar Djúpalónsperlur, af sandinum og hefur borið á því að magnið sé óhóflegt. Ætla má að fjöldi gesta á Djúpalónssandi sé yfir 100.000 manns á ári. Taki hver einstaklingur með sér 100 g af steinum er magnið samtals um tíu tonn á ári.*

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2010-2020 kemur m.a. fram

*Við hönnun mannvirkja, s.s. vega, skilta og göngustíga, verði haft að leiðarljósi að þau falli vel að umhverfinu og skerði því ekki hughrif fólks af landslaginu.*

#### 2.1.2 Náttúruverndarlög

Hólahraun fellur undir a. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd; a. eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

## 2.2 Minjar

Eftirfarandi eru þekktar minjar innan áætlaðra skipulagsmarka:

Í verndaráætlun þjóðgarðsins 2007-2017 sem gerð var 2007 kemur fram að ein af þekktustu sjávarútvegsminjum í þjóðgarðinum eru eflaust steintökin á Djúpalónssandi.

Á Djúpalónssandi er einnig járn úr togaranum Epine GY frá Grimsby sem fórst í aftakaveðri fyrir utan Djúpalónssand í mars 1948.

Bæjarstæði Einarslóns eru þekktar minjar utan við deiliskipulagsmörkin en frá bílastæðinu við Djúpalón liggur vel merktur stígur að rústunum. Í landi jarðarinnar eru við upphaf 18. aldarinnar 22. þurrabúðir sem að öllum líkindum tengjast útræði frá Djúpalónssandi (Árni Magnússon 1940). Jörðin lagðist í eyði um miðja 19. öld.<sup>1</sup>

Deiliskipulagið verður unnið í samráði við Minjastofnun.

### **2.3 Afmörkun skipulagssvæðisins og stærð**



*Mynd 1. Áætluð afmörkun deiliskipulagssvæðisins, rauð lína.*

Deiliskipulagið nær yfir Dritvíkurveg og svæði meðfram honum, gatnamót Dritvíkurveg og Útnesveg og svæði þar við ásamt gömlu námunni austan við Útnesveg fyrir nýjan áningarstað ásamt áningarsvæði og aðkomu að Djúpalónssand, allt í Þjóðgarði Snæfellsjökuls. Stærð skipulagssvæðisins er rúmum 9 ha.

---

<sup>1</sup> Fornleifaskráning strandminja frá Hellnum að Ólafsvík á Snæfellsnesi Átaksverkefni í fornleifaskráningu strandminja. Ragnar Edvardsson, Bolungarvík 2017.





*Mynd 2 Núverandi aðstæður við Djúpallónssand, stígur sem sker sig úr umhverfinu og yfirfull bílastæði.*



*Mynd 3 Dritvíkurvegur, horft til vesturs.*






Mynd 4 Gamla náman austan við Útnesveg við gatnamót Dritvíkurvegjar.

### 3 Skipulagsleg staða

#### 3.1 Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031



Mynd 5 hluti aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031

Í Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 fellur svæðið í landnotkunarflokk *Landbúnaðarsvæði* og afþreyingar og ferðamannasvæði vaktað af UST *AF-U-7 Djúpalónssandur og Dritvík*. Takmörkun á landnotkun er vegna friðlýsingar.

Í kaflanum *AF-U-7 Djúpalónssandur og Dritvík* kemur m.a. fram að gert sé ráð fyrir göngustíg frá nýjum bílastæðum ofan Útnesvegar. Laga þurfi efnisnotkun á staðnum, en göngustígur fellur illa að umhverfi bæði varðandi efni og lit. Gera skal deiliskipulag af um 70.000m<sup>2</sup> svæði á Djúpalónssandi sem verði tengt deiliskipulagi svæðis ofan vegar þegar bílastæðum verður beint þangað.... Við stígagerð skal nota efni sem er í samræmi við efnisáferð á staðnum.

Dritvíkurvegur er skilgreindur sem tengivegur í aðalskipulaginu.

Gera þarf breytingu á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti gildandi aðalskipulags samhliða gerð nýs deiliskipulags.

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu eða í nágrenni þess.

#### **4 Umhverfisáhrif**

Deiliskipulagið fellur undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en það felur þó ekki í sér framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum.

Gerð verður grein fyrir áhrifum deiliskipulagsins á umhverfið í samræmi við 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en ljóst er að hraun mun raskast þar sem þjónustuhúsið og nýju bílastæðin verða staðsett auk þess að hraun mun raskast þar sem nýi göngustígurinn verður lagður.

#### **5 Kynning og samráð**

Í tengslum við vinnu við deiliskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast beint því sem snertir deiliskipulagsgerðina.

*Helstu samráðsaðilar:*

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun
- Ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls
- Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness
- Vegagerðin
- RARIK
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Viðeigandi nefndir og deildir Snæfellsbæjar



Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og hagsmunaaðilum innan skipulagssvæðisins í formi auglýsingar ásamt því að lýsingin mun liggja frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: <https://www.snb.is>

Áður en tillaga að deiliskipulagi verður afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli verður tillagan kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

## 6 Skipulagsferli

Mögulegur tímarammi deiliskipulags:

*Sept.-okt. 2022* Unnið að skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar vinnu við deiliskipulag.

Eftir að lýsingin hefur verið afgreidd af umhverfis- og skipulagsnefnd og bæjarstjórn verður hún auglýst og mun skipulagslýsingin liggja frammi í Ráðhúsi Snæfellsbæjar og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Skipulags- og matslýsing kynnt og samráð haft við Skipulagsstofnun.

*Nóv. – des. 2022* Unnið að tillögu að deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið í samráði við hagsmunaaðila, skipulagsnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar.

*Des. 2022* Tillaga kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Tillaga að deiliskipulagi tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og á fundi bæjarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

*Jan. – mars. 2023* Tillaga að deiliskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að deiliskipulagi tekin aftur fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar ásamt athugasemdum og umsögnum sem borist hafa.

Tillaga að deiliskipulagi samþykkt af umhverfis- og skipulagsnefnd ásamt bæjarstjórn.

*Apríl - maí 2023* Deiliskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að þrjár vikur til að afgreiða málið. Að því loknu öðlast deiliskipulag gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.